

# Spjaldtölvuverkefni grunnskóla Kópavogs

Á dögunum kom út ritið „Lykillinn, hugmyndafræðin að baki innleiðingunni á breyttum kennsluháttum í Kópavogi“ þar er innleiðingarferlinu lýst, sem hófst á sumarmánuðum 2015.

Í ritinu er að finna mikið af hagnýtum upplýsingum eða eins og stendur í innganginum

*„Þetta rit má hugsa sem miðju í köngurlóarvef, þ.e. einskonar kjarna í stærri vef upplýsinga um það verkefni sem er í gangi í Kópavogi og snýst um breytingar á kennsluháttum. Ætlunin er að lesandinn geti nýtt þær stiklur sem hér eru reifaðar til að átta sig á ýmsu sem snýr að jafn flóknu og viðamiklu verkefni og um ræðir.“*

Höfundar eru stýrihópur verkefnisins þau Björn Gunnlaugsson, Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Siguruður Haukur Gíslason.